

Eflum Byggð í Húnaþingi vestra

2011 - 2013



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
1.1 Hofsós og nágrenni 2001 - 2003.....	3
1.2 Blönduós og Skagaströnd 2008 - 2010.....	3
1.3 Húnaþing vestra 2011 - 2013.....	3
1.4 Markmið fræðsluverkefnisins Eflum byggðar í Húnaþingi vestra	4
1.5 Greining á fræðsluþörfum	4
1.6 Mat á þekkingu í upplýsingatækni og ensku – fyrir og eftir námskeið	5
2. Um kennsluna.....	6
2.1 Leiðbeinendur	6
2.2 Námsefni	6
3. Þátttakendur - tölfræðiupplýsingar	7
4. Námskeiðsmat – niðurstöður.....	8
5. Lærdómur	8
6. Lokaorð.....	9
Fylgiskjal 1	10
Fylgiskjal 2.....	13

1. Inngangur

Á stjórnarfundum Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra þann 2. desember árið 2010 var samþykkt að koma á fót fræðsluverkefni í Húnaþingi vestra. Fræðsluverkefnið sótti fyrirmynd sína til tveggja eldri verkefna hjá Farskólanum sem haldin voru á Hofsósi annars vegar og Blönduósi og Skagaströnd hins vegar.

1.1 Hofsós og nágrenni 2001 - 2003

Leonardoverkefnið Learning Community eða Breytum byggð sem Farskólinn stýrði var haldið á Hofsósi og í fjórum öðrum Evrópulöndum árin 2001 – 2003. Verkefnastjóri var Anna Kristín Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Farskólans. Hugmyndin með verkefninu var að bjóða íbúum í samfélagi, þar sem hefðbundnar atvinnugreinar áttu undir högg að sækja, upp á tækifæri til að takast á við breytingar með því að efla samfélagsandann, sjálfstraust og samheldni íbúanna á svæðinu. Lögð var áhersla á að byggja upp jákvætt viðhorf heimamanna gagnvart breytingum og þróun í atvinnulífinu. Markmið verkefnisins var einnig að hjálpa fólki til að sjá tækifæri í nýjum atvinnugreinum eins og ferðaþjónustu. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands mat verkefnið og skrifaði um það lokaskýrslu.

1.2 Blönduós og Skagaströnd 2008 - 2010

Vorið 2008 auglýsti Mennta- og menningarmálaráðuneytið, vegna tímabundins aflasamdráttar á landsbyggðinni, eftir umsóknum til ýmissa verkefna og þar á meðal til fræðsluverkefna.

Farskólinn sendi inn umsókn að fræðsluverkefni og voru samstarfsaðilar: Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – háskólinn á Hólum. Ákveðið var að verkefnið skyldi kallað „Eflum Byggð“ og var það haldið á Blönduósi og Skagaströnd. Verkefnastjóri var Gunnar Tryggvi Halldórsson á Blönduósi. Verkefninu lauk árið 2010 og var skrifuð um það skýrsla sem sjá má á heimasíðu Farskólans á slóðinni:

http://farskolinn.is/fileadmin/user_upload/skjol/Lokaskyrsla_til_MRNV10.pdf

1.3 Húnaþing vestra 2011 - 2013

Fræðsluverkefnið „Eflum byggð í Húnaþingi vestra“, hér eftir nefnt Eflum Byggð, var í upphafi skipulagt sem samtals 400 kennslustunda fræðsluverkefni og var gert ráð fyrir að Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra myndi meta námið til eininga. Einnig var gert ráð fyrir samstarfi við Hólaskóla – Háskólann á Hólum.

Eflum byggð var ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem var 18 ára eða eldra í Húnaþingi vestra, sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.


1.4 Markmið fræðsluverkefnisins Eflum byggðar í Húnaþingi vestra

- Að auka starfshæfni íbúanna með því að skapa jákvætt andrúmsloft í samfélaginu gagnvart breytingum og þróun í atvinnulífinu
- Að skapa jákvætt andrúmsloft gagnvart fræðslu í samfélaginu, skapa námsgsamfélag (á ensku: Learning Community)
- Að auka námsgæði og aðgang að áframhaldandi menntun í samfélaginu
- Að auka sjálfstraust námsmanna
- Að námsmenn læri að læra, efli sjálfstraust sitt og lífsleikni

Eflum Byggð hófst formlega í byrjun janúar 2011. Virki – Þekkingarsetur á Hvammstanga og Farskólinn gerðu með sér samning til tveggja ára þess efnis að Helga Hinriksdóttir, starfsmaður Virkis, sinnti starfi verkefnastjóra. Helga lét af störfum haustið 2012 vegna brottflutnings.

1.5 Greining á fræðsluþörfum

Í janúar 2011 var haldinn íbúafundur þar sem rúmlega 50 manns mættu. Á þeim fundi var fræðsluverkefnið kynnt og fræðsluþarfir greindar hjá hópnum. Fundarmenn skrifuðu á miða hvað þeir vildu læra á námskeiðinu. Miðarnir voru flokkaðir og niðurstöður ræddar í hópnum. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Myndin sýnir niðurstöður íbúafundar í janúar 2011 þar sem fræðsluþarfir voru greindar

Þann 14. febrúar 2011 var námskeiðið sett í Grunnskóla Húnaþings vestra. Námsmenn fengu möppur með námskrá, stundaskrá, nafnalista og fl.

1.6 Mat á þekkingu í upplýsingatækni og ensku – fyrir og eftir námskeið

Áður en námið hófst var lögð könnun fyrir þátttakendur um þekkingu þeirra í upplýsingatækni og ensku. Sama könnun var lögð fyrir sömu þátttakendur þegar þeir höfðu lokið tveimur námskeiðum eða samtals 80 kennslustundum í ensku og upplýsingatækni. Samsetning hópsins breyttist á milli vor- og haustannar. Þátttakendur tóku sér hlé frá námi í upplýsingatækni og margir tóku ekki seinna námskeiðið í ensku. Könnunin í ensku var því ekki marktæk þar sem þeir sem tóku báða hlutana í ensku voru fáir. Í töflu 1 má hins vegar sjá niðurstöður við spurningum um tölvukunnáttu fyrir og eftir 80 kennslustundir.

Tafla 1. Svör þátttakenda við spurningum um tölvukunnáttu fyrir og eftir tvö námskeið eða 80 kennslustundir.

Spurningar	Fyrir		Eftir	
	Tíðni	%	Tíðni	%
Hversu vel eða illa kanntu að nota Word eða ritvinnslu til að skrifa formlegt bréf?				
○ Mjög vel			1	7,1
○ Fremur vel	2	5,9	6	42,9
○ Hvorki vel né illa	6	17,6	6	42,9
○ Fremur illa	8	23,5	1	7,1
○ Mjög illa	18	52,9		
Samtals	34		14	
Hversu vel eða illa kanntu að nota Excel eða töflureikni?				
○ Mjög vel			7	50,0
○ Fremur vel	1	3,0	5	35,7
○ Hvorki vel né illa	2	5,9	2	14,3
○ Fremur illa	9	26,5		
○ Mjög illa	22	64,7		
Samtals	34		14	
Hversu vel eða illa telur þú þig kunna að nota nefvafra til að vafra um á netinu?				
○ Mjög vel			2	14,3
○ Fremur vel	7	20,6	7	50,0
○ Hvorki vel né illa	8	23,5	4	28,6
○ Fremur illa	11	32,4	1	7,1
○ Mjög illa	8	23,5		
Samtals	34		14	
Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú verðir góð/ur í að nota tölvur í framtíðinni?				
○ Mjög líklegt	2	6,0	5	35,7
○ Fremur líklegt	16	48,5	4	28,6
○ Hvorki líklegt né ólíklegt	11	33,3	4	28,6
○ Fremur ólíklegt	3	9,0	1	7,1
○ Mjög ólíklegt	1	3,0		
Samtals	33		14	
Telur þú að tölvunámið muni auka möguleika þína í atvinnumálum?				
○ Já, ekki spurning			7	50,0
○ Já, líklega	6	18,2	3	21,4
○ Hef ekki skoðun	18	54,5	3	21,4
○ Nei, sennilega ekki	6	18,2	1	7,1
○ Nei, alls ekki	3	9,0		
Samtals	33		14	

2. Um kennsluna

Við upphaf Eflum Byggðar var, fyrra árið, gert ráð fyrir einum hópi í ensku og einum hópi í upplýsingatækni á hvorri önn fyrir sig. Aðsókn í upplýsingatækni fór fram úr björtustu vonum svo ákveðið var að námshóparnir yrðu þrír á önn árið 2011 en tveir árið 2012. Ákveðið var að hafa hópana tiltölulega litla eða í kringum 12 námsmenn í hverjum hópi til að auka gæði námsins.

Í Eflum Byggð voru námsmenn samtals 134 í þrettán námshópum. Kennslustundir voru 496 og nemendastundir voru 5158 en nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda kennslustunda með fjölda námsmanna í hverjum hópi fyrir sig og síðan eru tölurnar lagðar saman. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir námsþætti, fjölda hópa, kennslustundir, nemendastundir, leiðbeinendur og fjölda þátttakenda.

Námsþáttur	Hópar	Kest	Sam kest	Nem st	Leiðbeinendur	Kon	Kar	Samt
Vorið 2011								
Enska	1	40	40	440	Helga Hinriksdóttir	8	3	11
Upplýsingatækni	3	40	120	1400	Helga Hinriksdóttir Oddur Sigurðarson	24	11	35
Haustið 2011								
Enska	1	40	40	440	Helga Hinriksdóttir	11	0	11
Upplýsingatækni	3	40	120	1480	Oddur Sigurðarson	27	10	37
Vorið 2012								
Áttthagafræði	1	26	26	208	Guðrún Helgadóttir	5	3	8
Bókhald	1	40	40	320	Sigríður Hjaltadóttir	5	3	8
Haustið 2012								
Upplýsingatækni	2	40	80	640	Oddur Sigurðarson	9	7	16
Vorið 2013								
Frumkvöðlasmiðja	1	30	30	240	G. Ágúst Pétursson	7	1	8
Samtals:	13		496	5158		96	38	134

2.1 Leiðbeinendur

Leiðbeinendur í upplýsingatækni, ensku og bókhaldi komu frá Hvammstanga og nágrenni.

Leiðbeinandi í áttthagafræði kom frá Hólaskóla – háskólanum á Hólum. Leiðbeinandi í

Frumkvöðlafræði kom frá Reykjavík. Sjá nánar í töflu 2.

2.2 Námsefni

Enska. Í ensku var námsefni sem kallast „Sarpurinn“ kennt. „Sarpurinn“ er námsefni í ensku og stærðfræði sem Farskólinn tók saman fyrir styrk frá Starfsmenntaráði árið 2003. Námsefnið hefur verið notað í nokkrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvun innan Kvasis. Í Eflum Byggð

var enskuefnið fjölritað fyrir hvern og einn til eignar og sett í möppu. Leiðbeinandi lagði einnig fram sitt eigið efni.

Upplýsingatækni. Í upplýsingatækni fengu þátttakendur námsbókina UTN 103 eftir Jóhönnu Geirsdóttur til eignar. Höfundur gaf bókina út.

Bókhald. Í bókhaldi var stuðst við námsbókina „Bókfærsla 1“ eftir Tómas Bergsson, sem Iðnú gaf út. Þátttakendur unnu verkefni sín í Excel.

Átthagafræði. Í Átthagafræði unnu þátttakendur verkefni frá leiðbeinanda en þátttakendur unnu með eigin hugmyndir út frá nánasta umhverfi sínu. Þátttakendur kynntu verkefni sín við lok þessa námsþáttar. Meðal verkefna sem þátttakendur kynntu voru:

- Heiðarganga, sögu og náttúrutengd gönguferð uppi á heiði.
- Nýtt og aukið Húnaþing vestra. Verkefni til að vekja athygli á sameiningu Húnaþings vestra og Bæjarhrepps.
- Vatnsnes. Framtíðaruppbygging á þeim grunni sem kominn er.

Frumkvöðlafræði. Í Frumkvöðlafræði unnu þátttakendur með sínar eigin hugmyndir undir leiðsögn og kynntu þær í lokin. Meðal verkefna má nefna:

- Kanínurækt til manneldis.
- Ferðapjónusta, bændagisting.
- Útvarp í Húnaþingi vestra.
- Markaðssetning á handverki.
- Gönguleiðsögn í Húnaþingi vestra.

3. Þátttakendur - tölfræðiupplýsingar

Þátttakendur á öllum námskeiðum sem í boði voru í Eflum Byggð voru 134. Konur voru 96 og 38 karlmenn. Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem sóttu fleiri en einn námskeið voru þátttakendur samtals **83** (83 kennitölur). Það eru tæp 7% af íbúafjölda Húnaþings vestra. Sjá nánar um þátttakendur í töflu 3.

Tafla 3. Taflan veitir nánari upplýsingar um þátttakendur í Eflum Byggð í Húnaþingi vestra 2010 – 2013.

Meðalaldur þátttakenda var:	54 ár
Flestir þátttakendur voru á aldrinum:	56 ára
Elsti þátttakandinn var:	74 ára
Yngsti þátttakandinn var:	21 árs
Fjöldi kvenna var:	96
Fjöldi karla var:	38
Þeir sem bjuggu á Hvammstanga (530) voru:	86
Þeir sem bjuggu í dreifbýli (531) voru:	44
Þeir sem bjuggu í pósthúsi 500 voru:	4

4. Námskeiðsmat – niðurstöður

Í lok hvers námsþáttar var lagt fyrir námskeiðsmat, þar sem spurt var um kennsluhúsnæði, skipulag, hagnýtingu, lærdóm, leiðbeinendur og fleira. Almennt séð voru þátttakendur ánægðir með námskeiðið. Í viðtölum við nokkra þátttakendur kom fram að ástæðan fyrir því að þeir sóttu námskeiðið væri meðal annars skortur á þekkingu þeirra í tölvum og ensku. Einnig kom fram að einhverjir þátttakendur sóttu námskeiðið vegna félagsskaparins. Dæmi um námskeiðsmat og niðurstöður má sjá í Fylgiskjali 2.

5. Lærdómur

Í fræðsluverkefni eins og Eflum Byggð skiptir verkefnastjórn miklu máli. Verkefnastjóri verður að sýna verkefninu mikinn áhuga og vera í góðum tengslum við þátttakendur. Það skiptir líka máli að verkefnastjóri sé „heimamaður“ og þekki vel aðstæður fólks á svæðinu. Þegar fyrrverandi verkefnastjóri lét af störfum þá rofnuðu þessi tengsl að hluta til og erfiðara var að ná til þátttakenda. Af þessu má draga lærdóm.

Sökum þess hve meðalaldur í Eflum Byggð var hár frá byrjun var ljóst að þátttakendur ætluðu sér ekki að nýta sér námskeiðið sem stökkpall til frekara náms og aðspurðir óskuðu engir eftir því að fá námið metið til eininga. Langflestir virtust taka þátt í Eflum Byggð til að styrkja sig persónulega og til að njóta félagsskapar með öðrum.

6. Lokaorð

Farskólinn þakkar öllum þeim sem komu að Eflum Byggð gott samstarf í verkefninu. Sveitarstjóri Húnaþings vestra, Skúli Þórðarson, sýndi verkefninu áhuga frá byrjun sem og aðrir íbúar í sveitarfélagsins. Jákvæð viðhorf heimamanna skipta miklu máli í verkefni sem þessu.

Starfsfólk Farskólans telur að meginmarkmið verkefnisins hafi náðst. Hæfni þeirra sem tóku þátt í verkefninu til leiks og starfa hefur aukist með betri tölvufærni og aukinni bókhaldsþekkingu svo dæmi séu tekin. Nokkrir þátttakendur tókust einnig á við þær breytingar sem hafa orðið í samfélaginu með því að velta fyrir sér nýjum atvinnutækifærum og vinna með hugmyndir þar að lútandi.

Eflum Byggð var formlega slitið haustið 2013 í Námsverinu á Hvammstanga.

Sauðárkrókur í desember 2013.

Bryndís Þráinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Farskólanum – miðstöð símenntunar
á Norðurlandi vestra

Fylgiskjal 1


Námsmenn í Eflum Byggð í Húnaþingi vestra 2011 - 2013			
Nöfn	Námshgreinar	Nöfn	Námshgreinar
Vorið 2011			
Edda Heiða Guðmundsdóttir	Enska	Aðalheiður Jónsdóttir	Tölvur B
Elínbjörg Kristjánsdóttir	Enska	Elías Guðmundsson	Tölvur B
Gunnar Konráðsson	Enska	Gerður Salóme Ólafsdóttir	Tölvur B
Jóhanna Kristín Jósefsdóttir	Enska	Guðmundur Vilhelmsson	Tölvur B
Kristín Jósefsdóttir	Enska	Jóna Halldóra Tryggvadóttir	Tölvur B
Kristján Haukdal Jónsson	Enska	Jónína R Sigurbjartsdóttir	Tölvur B
Marín Sigurbjörg Karlsdóttir	Enska	Konráð Pétur Jónsson	Tölvur B
Marteinn Óli Reimarsson	Enska	Kristín Einarsdóttir	Tölvur B
Oddný Jósefsdóttir	Enska	Ragnheiður J Eggertsdóttir	Tölvur B
Sóley Ólafsdóttir	Enska	Sigríður Magnúsdóttir	Tölvur B
Þuríður Þorleifsdóttir	Enska	Þórarinn Hjalti Hrólfsson	Tölvur B
Björn Ingi Þorgrímsson	Tölvur A	Þráinn Traustason	Tölvur B
Edda Heiða Guðmundsdóttir	Tölvur A	Aðalheiður S Böðvarsdóttir	Tölvur C
Elínbjörg Kristjánsdóttir	Tölvur A	Birgit Kositzke	Tölvur C
Gunnar Konráðsson	Tölvur A	Björn Sigurður Sigurvaldason	Tölvur C
Kristín Jósefsdóttir	Tölvur A	Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir	Tölvur C
Marín S. Karlsdóttir	Tölvur A	Kristján Haukdal Jónsson	Tölvur C
María Sigurðardóttir	Tölvur A	Margrét Hannibalsdóttir	Tölvur C
Marteinn Óli Reimarsson	Tölvur A	Sara Eir Þorleifsdóttir	Tölvur C
Ólafur H Guðmundsson	Tölvur A	Sigurbjörg M. Guðmannsdóttir	Tölvur C
Sigurlaug Jóhannesdóttir	Tölvur A	Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir	Tölvur C
Sóley Ólafsdóttir	Tölvur A	Þóra Þormóðsdóttir	Tölvur C
Sveina G. Ragnarsdóttir	Tölvur A	Þuríður Þorleifsdóttir	Tölvur C
Haust 2011			
Ingibjörg Þórarinsdóttir	Enska	Jónína R Sigurbjartsdóttir	Tölvur
Kristín Jósefsdóttir	Enska	Kolbrún Björg Viggósdóttir	Tölvur
Marín Sigurbjörg Karlsdóttir	Enska	Konráð Pétur Jónsson	Tölvur
Oddný Jósefsdóttir	Enska	Kristbjörg Sigurnýjasdóttir	Tölvur
Róberta Gunnþórsdóttir	Enska	Kristinn Björnsson	Tölvur
Sigríður Karlsdóttir	Enska	Kristín Einarsdóttir	Tölvur
Sigurlaug Árnadóttir	Enska	Margrét H. Guðmundsdóttir	Tölvur

Sóley Ólafsdóttir	Enska	Marín Sigurbjörg Karlsdóttir	Tölvur
Sveina G. Ragnarsdóttir	Enska	Marteinn Óli Reimarsson	Tölvur
Þóra Jónsdóttir	Enska	Ólafur H Guðmundsson	Tölvur
Þuríður Þorleifsdóttir	Enska	Regína Ólína Þ. Berndsen	Tölvur
Aðalheiður Jónsdóttir	Tölvur	Róberta Gunnþórsdóttir	Tölvur
Aðalheiður S Böðvarsdóttir	Tölvur	Sara Eir Þorleifsdóttir	Tölvur
Agnes Björk Magnúsdóttir	Tölvur	Sigríður Jósafatsdóttir	Tölvur
Baldvin S. Baldvinsson	Tölvur	Sigríður Magnúsdóttir	Tölvur
Björn Ingi Þorgrímsson	Tölvur	Sigurbjörg M. Guðmannsdóttir	Tölvur
Claudia Ilse Maria Hofmann	Tölvur	Sóley Ólafsdóttir	Tölvur
Elías Guðmundsson	Tölvur	Svana Sigtryggsdóttir	Tölvur
Erna Friðriksdóttir	Tölvur	Sveina G. Ragnarsdóttir	Tölvur
Garðar Þór Guðmundsson	Tölvur	Vigdís Lilly Sigurjónsdóttir	Tölvur
Gerður Salóme Ólafsdóttir	Tölvur	Vilborg Valdimarsdóttir	Tölvur
Guðmundur Vilhelmsson	Tölvur	Þóra Þormóðsdóttir	Tölvur
Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir	Tölvur	Þórarinn Hjalti Hrólfsson	Tölvur
Jóna Halldóra Tryggvadóttir	Tölvur	Þuríður Þorleifsdóttir	Tölvur
Vorið 2012			
Andrea Ursula Elisabeth Laible	Áttthagafræði	Björn Ingi Þorgrímsson	Bókhald
Anna Birna Þorsteinsdóttir	Áttthagafræði	Freyja Ólafsdóttir	Bókhald
Björn Ingi Þorgrímsson	Áttthagafræði	Guðmundur Vilhelmsson	Bókhald
Guðmundur Jónsson	Áttthagafræði	Jónína R Sigurbjartsdóttir	Bókhald
Hersteinn Heimir Ágústsson	Áttthagafræði	Konráð Pétur Jónsson	Bókhald
Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir	Áttthagafræði	Regína Ólína Þ. Berndsen	Bókhald
Katharina Maria C. Ruppel	Áttthagafræði	Róberta Gunnþórsdóttir	Bókhald
Regína Ólína Þ. Berndsen	Áttthagafræði	Sveina G. Ragnarsdóttir	Bókhald
Haustið 2012			
Björn Sigurður Sigurvaldason	Tölvur A	Baldvin S. Baldvinsson	Tölvur B
Erna Friðriksdóttir	Tölvur A	Guðmundur Vilhelmsson	Tölvur B
Hilmar Hjartarson	Tölvur A	Gunnar Konráðsson	Tölvur B
Kristbjörg Þórey I. Austfjörð	Tölvur A	Jónína R. Sigurbjartsdóttir	Tölvur B
Sigríður Jósafatsdóttir	Tölvur A	Kristín Einarsdóttir	Tölvur B
Sigrún Soffía Harðardóttir	Tölvur A	Marteinn Óli Reimarsson	Tölvur B
Sigurbjörg Berglind Sölvadóttir	Tölvur A	Pétur Arnarsson	Tölvur B
Aðalheiður Jónsdóttir	Tölvur B	Sigurlaug Á. Ragnarsdóttir	Tölvur B


Vorið 2013			
Birgit Kositzke	Frumkvöðlasm.	Kristbjörg Þ. I Austfjörð	Frumkvöðlasm.
Jóhanna Kristín Jósefsdóttir	Frumkvöðlasm.	Sigríður Hjaltadóttir	Frumkvöðlasm.
Katharina Maria C. Ruppel	Frumkvöðlasm.	Unnur Gréta Haraldsdóttir	Frumkvöðlasm.
Katrín Kristjánsdóttir	Frumkvöðlasm.	Þorgeir Jóhannesson	Frumkvöðlasm.

Fylgiskjal 2

Dæmi um námskeiðsmat og niðurstöður þess – vorönn 2011.




Mynd 2 Svör násmanna við spurningu um námsefni í tölvum




Mynd 3 Svör násmanna við spurningu um kunnáttu í tölvum

Athugasemdir um tölvunámið


- Oddur er mjög góður leiðbeinandi
- Oddur kennari alveg frábær, mjög þolinmóður og útskýrir vel
- Mjög góðir kennarar
- Mjög skemmtilegt
- Kennarinn frábær
- Mig vantaði nýrri tölvu heima til að æfa mig heima, en samt góð upprifjun í því sem ég lærði fyrir nokkrum árum. Mig langar að halda áfram
- Afar slæmt að bókin er ekki á sama máli og letrið á skjánum
- Áfram
- Það mætti vera ítarlegra = ekki fara hratt yfir
- Ég hef mjög gott af þessu, en gef mér ekki nógu mikinn tíma til að æfa mig sökum anna í öðrum störfum og þar af leiðandi gleymi ég of fljótt því sem mig langar að muna
- Oddur er góður



Mynd 4 Svör námsmanna við spurningu um hvort námsmenn geti nýtt sér það sem þeir lærðu




Mynd 5 Svör námsmanna við spurningu um námsefni í ensku




Mynd 6 Svör námsmanna við spurningu um kunnáttu í ensku

Athugasemdir um enskunámið

- Gott að hafa kennarann hjá sér, ekki í gegnum fjarfundabúnað
- Mjög góður kennari
- Kennarinn mjög þolinmóður oftast
- Persónulega á ég mjög erfitt með að læra ensku (? Hvort það er vegna lesblindu minnar)




Mynd 7 Svör námsmanna við spurningu um hvort þeir geti nýtt sér það sem þeir lærðu í ensku



Mynd 8 Svör námsmanna við spurningu um aðbúnað

Athugasemdir um aðbúnað


- Stólar og borð mjög lág
- Mætti vera betra. En hvað lætur maður sig hafa fyrir ekki neitt
- Það besta sem í boði er, allt hægt að sætta sig við, „það er svo gaman í tímum“
- Stólar og borð voru frekar lítil
- Ekki góð aðstaða í ensku borð + stólar. Gott kaffi



Mynd 9 Svör námsmanna við spurningu um skipulag

Athugasemdir um skipulag


- Það hefur bæði kosti og galla að hver fari á sínum hraða, eins og á við á þessu námskeiði, segir sá sem er líklega síðastur í röðinni
- Skipulagið var gott og þolinmæði kennarans mjög góð



Athugasemdir um leiðbeinendur

- Það er erfitt að muna hluti sem er leiðbeint með við tölvuna. Betra að muna eitthvað sem sett er upp á töflu
- Stóðu sig með þryði
- Mjög góður kennari

Mynd 10 Svör námsmanna við spurningu um leiðbeinendur



Mynd 11 Svör námsmanna við spurningu um frekara ná haustið 2011